

hlunninda samkvæmt greininni, en þó er sá munur á afstöðu stefnanda þessa máls og annarra þeirra aðilja, er greinin tiltekur og eru innan fyrrnefndra félagsamtaka, að hann nýtur eigi góðs af bættum váttryggingarkjörum hjá þessum samtökum, eins og málsmeðferð sú, sem greinin ákveður, á einmitt sérstaklega að tryggja. Gagnvart stefnanda verður þessi tilgangur löggjafans því eigi talinn réttlæta þessa afbrigðilegu málsmeðferð, og með því að hér er aðilja, sem hefur mikilla hagsmuna að gæta, að sú þóknun, sem stefnandi fær fyrir umrædda hjálp, verði sem minnst, einkum falið úrskurðarvald um upphæð hennar, þá þykir nefnt lagaákvæði ganga að þessu leyti of langt um undantöku mála frá handhöfum dómsvaldsins, og stefnandi verði því eigi talinn við það bundinn. Þykir því eigi bera að frávísa máli þessu, heldur dæma það að efni til eftir löglegan undirbúning. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Í máli þessu skipuðu sjó- og verzlunardóminn þeir Árni Tryggvason, fulltrúi lögmanns, formaður og meðdómendurnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því úrskurðast:

Máli þessu visast eigi frá dómi, heldur verður það dæmt að efni til.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. desember 1943.

Kærumálið nr. 16/1943. Jón B. Valfells
gegn

Gunnari Árna Sveinssyni.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 8. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum 19. nóv. þ. á. í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu af Oddgeiri Magnússyni, fulltrúa sýslumanns, um vitnaskyldu Þorsteins Sigurðssonar í útburðarmálinu: Jón B. Valfells gegn Gunnari Árna Sveinssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og nefndu vitni dæmt skylt að svara

spurningum þeim, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæstarétti hafa ekki borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er atvikalýsingu mjög áfátt. Einkum vantar greinargerð um afstöðu vitnisins Þorsteins Sigurðssonar til málsins. Skýrslu skortir um vottorð vitnisins, er varð efni þess, að það var leitt fyrir dóm, og rekja þarf nánar ástæður sóknaraðilja fyrir því, að hann vill fá svör vitnisins við nefndum spurningum. Svo er og úrskurðurinn gallaður að því leyti, að forsendum hans er tvískipt og sum atriði endurtekin.

Með því að héraðsdómari hefur samkvæmt því, er að framan segir, ekki gætt fyrir mæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, þykir verða að ómerkja úrskurðinn og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fúgetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. nóvember 1943.

Í útbuðarbeiðni, dags. 8. f. m., hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda farið þess á leit f. h. umhjódanda síns og á hans ábyrgð, að Gunnar Árni Sveinsson leigutaki hans yrði borinn út úr fjósi og hlöðu á Fitjakoti í Kjalarneshreppi ásamt 70 svinum, er þar eru. Telur gerðarbeiðandi, að gerðarþola hafi verið leigt fyrirnefnt hús til svínaræktar með leigusamningi 16. apríl 1942, en að sá samningur hafi verið verulega vanefndur. Í réttarhaldi 19. þ. m. var lagt fram vottorð Þorsteins Sigurðssonar húsgagnameistara í Reykjavík, og mætti hann sem vitni þá, og kvaðst reiðubúinn að staðfesta vottorð sitt. Eftir ósk umboðsmanns gerðarbeiðanda, var vitnið að því spurt, hve mikið lán það hefði látið gerðarþola fá upphaflega til svínabúsrekstrar. Neitaði vitnið að svara þeirri spurningu.

Einnig neitaði vitnið að svara þeirri spurningu, hvort það hefði fengið veð í svinabúinu hjá gerðarþola.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda taldi, að svar við ofangreindri spurningu gæti haft þýðingu í sambandi við mat á sannleiksgildi vitnisins, ef um veð væri að ræða, og skipti máli um kröfu sína um útburð, og krafðist gegn mótmælum umboðsmanns gerðarþola, Gunnars Jónssonar hdm., að fógæti kvæði upp úrskurð, er skyldaði vitnið til að svara spurningunni.

Var atriði þetta tekið til úrskurðar, og kveðinn samstundis í réttinum upp svolátandi úrskurður:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt þess, að vitnið, Þorsteinn Sigurðsson, svaraði þeirri spurningu með úrskurði fógæta (svo), hvort hann hafi fengið veð í umræddu svinabúi hjá gerðarþola fyrir láninu, er hann hafi veitt honum.

Gerðarþoli hefur neitað að svara spurningunni, þar sem hún sé útburðargerðinni óviðkomandi og svar hans.

Gerðarbeiðandi hefur ekki upplýst neitt það, er bendi til þess, að svar vitnisins við umræddri spurningu gæti haft áhrif á úrslit útburðarmálsins eða skipt neinu verulegu í sambandi við það.

Rétturinn verður að fallast á skoðun vitnisins og mótmæli umboðsmanns þess og neita um að úrskurða vitnið til að svara umræddri spurningu.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Krafa umboðsmanns gerðarbeiðanda um að vitnið, Þorsteinn Sigurðsson, verði skyldaður til að svara fyrrgreindri spurningu verður eigi til greina tekin.